



Ávarp forseta Íslands

Eylandið í norðri hefur löngum notið hylli í þýsku samfélagi og vakið forvitni og fróðleikslöngun. Á fyrri tíð var það einkum forn menning og bókmenntir sögualdar sem mótuðu efnivið íslenskrar menningar í Þýskalandi. Á undanförunum árum hafa tónlist, kvikmyndir og myndlist auk nútímabókmennta veitt Þjóðverjum fjölbætta sýn á menningarsköpun Íslendinga við lok mestu umbrotaaldar í sögu Evrópu.

Dr. Neuhäuser hefur með lofsverðu frumkvæði efnt til þessar sýningar og þar með aukið nýjum þætti við kynningu á íslenskri listsköpun í Þýskalandi.

Hér gefur að líta verk myndlistarmanna sem á undanförunum árum hafa sett sterkan svip á nýsköpun í íslensku listalífi. Verkin sýna hvernig þjóðleg arfleifð og alþjóðlegir straumar, sköpunarkraftur nýrrar kynslóðar listafólks og ævarandi áhrif litasinfóníu íslenskrar náttúru eru að mynda nýja þætti í þróunarsögu íslenskrar myndlistar.

Það er von mín að þýskir gestir njóti þeirrar menningarveislu sem hér er efnt til.

Ég þakka Dr. Neuhäuser fyrir framlag hans til menningartengsla þjóða okkar og hollustu hans og vináttu við Íslendinga.

Ólafur Ragnar Grímsson